

Febrúar 2023



Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisráð

Samantekt af öðrum fundi

5. desember 2022

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisráð. Samantekt af öðrum fundi.

Febrúar 2023

for@for.is

www.forsaetisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla:

Forsætisráðuneytið

©2023 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9935-482-39-6

Efnisyfirlit

Um fundinn	4
1. Þátttakendur	5
2. Að mæta samfélaginu þar sem það er statt og toga í jafnréttisátt	7
3. Umræður og niðurstöður	9
3.1 Hver eru brýnustu verkefni í jafnréttismálum dagsins í dag?	9
3.2 Hvað þarf að gera til að koma þeim verkefnum í farveg? Hvað geta stjórnvöld gert?	15

Um fundinn

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra boðaði til annars fundar samráðsvettvangs um jafnréttismál – Jafnréttisráðs þann 5. desember 2022. Dagskrá fundar var í anda nýrrar jafnréttislöggjafar og flutti dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands, erindið *að mæta samfélaginu þar sem það er statt og toga í jafnréttisátt*. Auglýst var eftir aðilum til að skrá sig á fundinn en fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti eiga rétt á setu á samráðsvettvanginum.

Að loknum erindum var unnið í hópum að því að svara tilteknum lykilspurningum sem tengdust efninu. Þátttakendur í fundinum voru 34, 28 konur og sex karlar, sem skipt var á sex borð.

Lykilspurningar voru:

1. Hver eru brýnustu verkefni í jafnréttismálum dagsins í dag? Opin umræða
2. Hvað þarf að gera til að koma þeim verkefnum í farveg?
3. Hver eru brýnustu verkefnin undir þessu þema?
4. Hvað geta stjórnvöld gert, skyldur stjórnvalda og hlutverk frjálsra félagasamtaka í samstarfi við stjórnvöld?

Í umræðum var farið um víðan völl en veigamestu atriðin sem voru til umfjöllunar sneru að samþættingu, kynbundnu ofbeldi, jafnrétti á vinnumarkaði, kynjum og völdum, menntun og jafnrétti, jafnréttisfræðslu, fjölbreytileika, staðalímyndum kynjanna, körlum og jafnrétti, konum af erlendum uppruna, leikskólamálum og tölfræði. Í kafla 3 er gerð grein fyrir helstu umræðum sem áttu sér stað.

Niðurstöður umræðna verða nýttar í vinnu við nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en segja má að þessi fundur marki upphaf vinnu við nýja áætlun. Forsætisráðherra mun leggja fram þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2024–2027 á vorþingi 2024.



1. Þátttakendur

Boðað var til fundarins samkvæmt 24. grein laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar segir að „[m]innst einu sinni á ári [skuli] kalla saman samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, Jafnréttisráð, með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti samkvæmt lögum þessum“. Í reglugerð um Jafnréttisráð – samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, nr. 460/2021, segir jafnframt að fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra eigi rétt til þátttöku og auk þess geta lögaðilar sem starfa að jafnrétti kynjanna óskað eftir þátttöku samkvæmt auglýsingu þar um. Forsætisráðuneytið birti auglýsingu um þátttöku í samráðsvettvanginum þann 22. nóvember 2022.

Eftirfarandi aðilar tóku þátt í fundinum:

Aleksandra Leonardsdóttir	ASÍ
Andrea Róbertsdóttir	FKA
Anna Margrét Hrólfsdóttir	Landssamtökin Þroskahjálp
Arnar Gíslason	HÍ
Arndís Dögg Arnardóttir	Innviðaráðuneyti
Birna Þórarinsdóttir	UNICEF á Íslandi
Björgvin Filippusson	Kompás, þekkingarsamfélag
Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir	Fræðagarður
Dagný Pind Aradóttir	BSRB
Elín Björk Jóhannsdóttir	RIKK
Eygló Árnadóttir	Félag kynjafræðikennara
Eygló Ingadottir	Jafnréttisnefnd Landspítala
Guðrún Margrét Guðmundsdóttir	ASÍ
Gyða Margrét Pétursdóttir	HÍ
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir	Reykjavíkurborg
Heiðrún Björk Gísladóttir	SA
Ingibjörg Ólafsdóttir	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Ísól Björk Karlsdóttir	Samtök um kvennaathvarf
Jenný Jóakimsdóttir	Kvenfélagasamband Íslands
Katrín Ólafsdóttir	HR
Kristinn Sigurjónsson	Samtök um karlaathvarf
Kristín Ástgeirsdóttir	IceFemIn
Kristín I. Pálsdóttir	Rótin
Kristín Ólafsdóttir Önnudóttir	Jafnréttisstofa
Lúðvík Júlíusson	Félag um foreldrajafnrétti
Magnús Þór Jónsson	Kennarasamband Íslands
Maj-Britt Hjördís Briem	SA
Margrét Steinarsdóttir	Mannréttindaskrifstofa Íslands
María Kristín Guðjohnsen	UAK
Róbert Bragason	Félag um foreldrajafnrétti

Rut Einarsdóttir

Sigrún Birna Björnsdóttir Kaaber

Stefán Daníel Jónsson

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Stella Samúelsdóttir

Unnur Ágústsdóttir

Þ. Auður Ævarr Sveinsdóttir

Þróstur Freyr Gylfason

Þórey Vilhjálmsdóttir Proppé

KRFÍ

Kennarasamband Íslands

Félags- og vinnumarkaðsr.

Stígamót

UN Women

Heilbrigðisráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsr.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Empower

Að auki tók þátt í fundinum eftirfarandi starfsfólk forsætisráðuneytisins:

Ásta Bjarnadóttir

Bára Hildur Jóhannsdóttir

Elísabet Gísladóttir

Guðjón Björn Guðbjartsson

Ingigerður Bjarndís Írisar Ágústsdóttir

Rán Ingvarsdóttir

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Sunna Diðriksdóttir



2. Að mæta samfélaginu þar sem það er statt og toga í jafnréttisátt

Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands, flutti erindi í kjölfar setningarávarps forsætisráðherra. Í upphafi erindisins varpaði hún fram fjórum spurningum um jafnréttismál sem hún leitaðist síðan við að svara.

Hvar erum við stödd?

Gyða fjallaði um pólitísk verkefni í samtíma okkar og nefndi m.a. markaðsvæðingu, einstaklingshyggju, íhaldsstefnu og þjóðernishyggju. Dæmi um birtingarmyndir þessara stefna væri vændi og bakslag í málefnum hinsegin fólks ásamt því sem hún varpaði þeirri spurningu fram hvort stytur dvalartími í leikskólum væri það líka.

Hverjar eru stoðir jafnréttisbaráttu og -starfs?

Gyða tiltók opinbert jafnréttisstarf, femínisma og kynjafræði og frjáls félagasamtök sem stoðir jafnréttisbaráttu og -starfs. Samráðsvettvangur um jafnréttismál – Jafnréttisráð væri mikilvægur vettvangur sem myndi leiða þessar stoðir saman. Þá lagði hún áherslu á mikilvægi fjármögnunar jafnréttismála.

„Eitt af því sem lagði mikilvægan grunn að þróun kynjafræðináms var fjárstuðningur frá Alþingi. Í desember 1985 lögðu þingkonur Kvinnalistsins fram breytingartillögu við fjárlagafrumvarp ársins 1985 um að Alþingi veitti einni milljón króna til kvennarannsókna.“
(Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir 2019, 7)

Hvað ber að varast í jafnréttisstarfi og -baráttu?

Gyða bendir á að valdameiri minnihlutahópar jaðarsetji valdaminni minnihlutahópa og að engin manneskja sé frjáls þar til allar manneskjur séu frjálsar. Pólitískt samspil mismunarbreyta verði því að hafa í huga.

Samkeppnistilhneigingu ber að varast, segir Gyða, og nefnir tvö dæmi um slíkt úr fréttum. Formaður Hinsegin daga sagði árið 2019 að hommar væru ekki áberandi í afreksíþróttum, pólitík eða atvinnulífi á Íslandi. Lesbíur væru hins vegar áberandi í íþróttum og að konur sem þykja karlalegar hafi náð langt í pólitík og atvinnulífinu. Þá sagði einn stofnenda hagsmunasamtaka um réttindi vímuefnanotenda ósanngarnt að konur fengju að vera inni yfir daginn en þeir ekki. Þeir skoruðu á Reykjavíkurborg að bjóða heimilislausum körlum úrræði yfir dagtímann.

Samlagningartilhneiging er það þegar einblínt er á einn þátt og horft fram hjá samverkandi þáttum. Gyða nefnir dæmi um heimilisleysi – getur verið að þar sé horft fram hjá kyni? Er kynjamiðuð nálgun til staðar? Hversu mörg eru kynin? Hvað með þjóðernislegan uppruna? Mikilvægt sé að taka samverkandi áhrif mismununarbreyta til greina í jafnréttisstarfi og -baráttu.

Úthrópunarmenning felst í opinberri smánun á netinu, á vinnustaðnum, í skólanum o.s.frv. Gyða segir mikilvægt að gagnrýna valdhafa og leita jafnframt leiða til að ná til og höfða til þeirra. Hún vitnar í Loretta J. Ross sem segir að það sé jafnframt réttlæt看legt að úthrópa einstaklinga sem eru viljandi meiðandi en hvetur frekar til umföðmunarmenningar. Það sé í raun úthrópun sem sé gerð með virðingu og kærleika.

Hvernig vinnum við að jafnrétti allra?

Gyða segir að við verðum að beina sjónum að nýfrjálshyggju, íhaldsstefnu og þjóðernishyggju og vera meðvituð um hvernig þessi pólitísku verkefni vinna gegn jafnrétti allra. Þá hvetur hún til þess að við vörumst það að hólfaskipta jafnréttisbaráttunni.

Hún bendir á að stefnumótendur með femíníska þekkingu og sýn séu líklegri en aðrir til að bera kennsl á samspil pólitískra verkefna og fjölþættrar mismununar. Því sé samspils opinbers jafnréttisstarfs, grasrótahópa og femínískra fræða gríðarlega mikilvægt.

3. Umræður og niðurstöður

Þátttakendum var skipt niður á sex borð þar sem lykilsurningar voru ræddar út frá sérstöku þema á hverju borði. Á hverju borði var umræðustjóri og ritari sem tók saman umræður hópsins. Í þessari samantekt verður farið yfir þau þemu sem komu fram í umræðunum í tengslum við hverja lykilsurningu og aðalatriðin dregin fram. Umræður voru líflegar og fóru ekki alltaf í einu og öllu eftir lykilsurningunum. Hér er því búið að flokka umræðurnar niður eftir lykilsurningum og undir þeim eru veigamestu sjónarmiðin dregin fram.

Þemu borðanna:

1. Samþætting
2. Kyn og völd
3. Jafnrétti á vinnumarkaði
4. Kynbundið ofbeldi
5. Fjölbreytileiki
6. Staðalímyndir kynjanna

Lykilsurningar:

1. Hver eru brýnustu verkefni í jafnréttismálum dagsins í dag? Opin umræða
2. Hvað þarf að gera til að koma þeim verkefnum í farveg?
3. Hver eru brýnustu verkefnin undir þessu þema?
4. Hvað geta stjórnvöld gert, skyldur stjórnvalda og hlutverk frjálsra félagasamtaka í samstarfi við stjórnvöld?

Í ljósi talsverðrar skörunar á umræðum um spurningu 1 og 3 annars vegar og 2 og 4 hins vegar verður þeim skeytt saman í hvorn sinn kaflann.

3.1 Hver eru brýnustu verkefni í jafnréttismálum dagsins í dag?

Farið var um víðan völl í umræðum en brýnustu verkefnin sem voru nefnd hvað oftast má flokka í eftirfarandi flokka: Samþætting, kynbundið ofbeldi, jafnrétti á vinnumarkaði, kyn og völd, menntun og jafnrétti, jafnréttisfræðsla, fjölbreytileiki, staðalímyndir kynjanna, karlar og jafnrétti, konur af erlendum uppruna, leikskólamál og tölfræði.

Samþætting

Samþætting kynjabreytunnar við aðrar mismunarbreytur er mikilvæg í öllu jafnréttisstarfi því án samþættingar náum við ekki utan um jaðarsettu hópana. Kynjabreytan er samt sem áður alltaf til staðar og töldu þátttakendur mikilvægt að halda í hana. Það má ná miklum árangri með meiri samvinnu stjórnvalda og félagasamtaka annars vegar og samvinnu félagasamtaka hins vegar. Varast verður samkeppni félagasamtaka, en hún getur aukist þegar fjármögnun er

ótrygg. Markmið um meiri samvinnu fellur vel að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna þar sem samvinna er sérstakt markmið.

Þörf er á útvíkkuðu jafnréttisátaki þar sem t.d. fólk af erlendum uppruna, aldrað fólk, hinsegin fólk, fatlað fólk, fólk með skerta starfsgetu og fólk með fíknivanda er í kastljósi. Á þessu sviði er margt ógert, jaðarsettustu hóparnir eru í sumum tilfellum utan kerfisins og skortur er á þekkingarsamfélagi, gæðaviðmiðum og eftirliti. Þetta getur verið flókið viðfangsefni og það er mikilvægt að við viðurkennum það og tökumst á við áskoranirnar.

Fræðsla spilar lykilhlutverk í frekari samþættingu. Sú samþættingarfræðsla sem nú þegar er til, t.d. í fjármálaráðuneytinu, ætti að vera gerð aðgengilegri og vinna ætti að því að hún yrði notuð víðar, t.d. í fyrirtækjum, sveitarfélögum og félagasamtökum. Einnig var það nefnt að fræðsla væri of oft kassalaga, þ.e. einungis í formi bæklinga eða myndbanda. Þessa nálgun mætti hugsa alveg upp á nýtt með því að hugsa um hvaða hóps við erum að reyna að ná til við hönnun fræðslu. Sem dæmi var nefnd fræðsla þroskahjálpar sem nýtir sýndarveruleika til að leyfa fólki með þroskaskerðingar að æfa sig að kjósa. Sérstaklega var rætt um jafnréttisfræðslu til fólks af erlendum uppruna og sú hugmynd borin upp að samvinnun íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur gæti verið góður kostur.

Kynbundið ofbeldi

Kynbundið ofbeldi er vandamál í íslensku samfélagi þótt margt hafi breyst til hins betra. Þetta er þó ekki hverfandi vandamál, þvert á móti sýnir Sjúkást, átak Stígamóta, að vandinn er viðvarandi á meðal ungs fólks. Því þarf að setja fókus á ungt fólk og eru tækifæri til að gera betur með því að koma jafnréttismálum betur inn í skólakerfið.

Með því að greina betur hvar og hvernig ofbeldi þrífst í íslensku samfélagi og hvernig áhrif það hefur á mismunandi hópa getum við unnið með markvissari hætti að því að uppræta kynbundið ofbeldi.

Áætlanir og ferlar sem komið var á eftir #metoo-byltinguna hafa ekki gengið nógu vel. Það þarf að finna betri lausnir. ASÍ hefur unnið að miðlægri móttöku fyrir þolendur sem grípur inn í þegar atvinnurekandi veit í raun ekki hvernig á að fara með svona mál, þ.e. veita upplýsingar og ráðgjöf. Slík úrræði geta reynst dýrmæt.

Mikilvægt er að ná til mismunandi hópa með upplýsingar um úrræði en það hefur t.d. reynst erfitt að ná til fólks sem er ekki íslenskumælandi sem er stór hluti landsmanna. Það þarf að fara í sértækar aðgerðir til að ná til þeirra.

Mikill skortur er á fjármagni í þjónustu við brotaþola ofbeldis og þ.a.l. á langvarandi stuðningi. Úrræði vantar á landsbyggðinni. Þá fá konur af erlendum uppruna ekki nógu góðar upplýsingar um slík úrræði.

Huga þarf að jaðarsettum hópum sem eru sérstaklega útsettir fyrir ofbeldi. Meðferðarstöð fyrir konur sem hafa verið í vænda og úrbætur í móttöku kvenna sem sækja um alþjóðlega vernd voru nefnd sem dæmi um úrbætur sem ætti að ráðast í. Þá var það rætt að skaðaminnkandi nálgun myndi vinna að því að uppræta kynbundið ofbeldi.

Dýpka þarf umræðuna um stöðu gerenda í samfélaginu og hvernig þeirra mál skulu meðhöndluð.

Einkarekin öryggisfyrirtæki hafa ekki næga þekkingu á ofbeldismálum þrátt fyrir að ofbeldi geti verið viðfangsefni þeirra.

Þörf er á vitundarvakningu á meðal ungmenna um kynbundið ofbeldi. Þá þarf barnaverndarkerfið að ná betur utan um vandann. Börn og unglingar verða að vita hvert þau geti leitað og þeim þarf að mæta með barnvænum hætti. Þó þurfa börn líka að geta leitað sér aðstoðar án þess að það sé tilkynnt til barnaverndar.

Sú hugmynd kom fram að Ísland myndi leiða vinnu við gerð alþjóðlegs vísis (e. Index) um kynbundið ofbeldi. Íslensk stjórnvöld gætu unnið verkefnið í samstarfi við háskólasamfélagið og frjáls félagasamtök.

Settar voru fram eftirfarandi tillögur að aðgerðum sem mætti ráðast í á þessu sviði:

- Dómsmálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið þyrftu að fara í sameiginlega stefnumótun í málefnum ofbeldis og vímuefnavanda.
- Félagspjónustur sveitarfélaganna ættu að sameinast í stefnumótun í málaflokknum.
- Fá ætti félagasamtök til að rýna og skoða efni frá stjórnvöldum.
- Kynjafræði og ofbeldisforvarnir ættu að verða partur af námskrá. Með því væri sett þekkingar- og hæfniviðmið og þannig næðum við til nemenda og kennara.
- Innleiða þyrfti áfallamiðaða nálgun inn í réttarvörslukerfið, það gæti skilað sér í gegnum kerfið.
- Ísland ætti að leiða vinnu við gerð alþjóðlegs vísis um ofbeldi.
- Ísland ætti að fara inn í EIGE-samstarfið gegn ofbeldi.

Jafnrétti á vinnumarkaði

Fjöldmörg verkefni sem snúa að vinnumarkaðinum voru til umræðu. Leiðrétting á launum kvennastétta og endurskoðun á virðismati starfa er talið vera eitt af stóru verkefnum í jafnréttismálum.

Fræðsla um kynferðislega áreitni og ofbeldi ætti að fara fram með reglubundnum hætti á vinnumarkaði. Hún er orðin árleg hjá formönnum stjórna

Í atvinnulífinu en þarf að útvíkka. Einfalt væri að koma henni í framkvæmd með tölvunámskeiði.

Lagaumhverfið á vinnumarkaði var talsvert rætt og hvort það gæti unnið að frekara jafnrétti, t.d. með því að skylda fyrirtæki til að veita fræðslu um kynferðislega áreitni.

Skapa þarf vettvang fyrir þolendur kynferðislegrar áreitni. Þar þarf að tengja fræðslu um kynferðislega áreitni og ofbeldi og síðan víkka hana út í almenna mismunun. Fólk vill meira ræða um einelti en það er ekki það sama og það á ekki að blanda kynferðislegri áreitni og einelti/ofbeldi saman.

Fram kom að lífeyrismál eldri kvenna væru áskorun sem þyrfti að bregðast við. Þeim væri refsað fjárhagslega fyrir að eignast börn þar sem þær hefðu fengið barnabætur og annan stuðning sem teldist ekki til lífeyrisréttinda ásamt því að gengið væri of langt í skerðingum.

Skoða þarf áhrif styttingar vinnuvikunnar út frá jafnréttissjónarmiðum.

Kyn og völd

Vinna þarf að heildstæðri jafnréttislöggjöf. Það er erfitt að taka kynin út fyrir sviga þar sem löggjöfin er hópaskipt. Við þurfum að vera meðvituð um fjölbreytileikann og að það þarf að gera ráð fyrir fleiri kynjum og fleiri hópum til að tryggja jafnrétti fyrir öll.

Minnka þarf launamun á milli hópa og tryggja þarf að mat á störfum sé sanngjarnt og réttmætt. Önnur sjónarmið en markaðssjónarmið þurfa að koma inn í verðmat á störfum, t.d. skortur á kennurum, leikskólakennurum og hjúkrunarfræðingum.

Vinna þarf í breyttum viðhorfum til jafnréttismála. Fólk er skyldað á öryggisnámskeið árlega en hvenær verður fræðsla um jafnréttismál, kynbundið ofbeldi, kynferðisáreitni o.s.frv. sjálfsögð? Að brjóta glerþök og innleiðing fæðingarorlofs eru dæmi um eitthvað sem hefur þurft að berjast fyrir.

Bæta þarf réttarstöðu brotþola en mörg upplifa óöryggi þegar kemur að dómsmálum.

Gera þyrfti úttekt á því hvernig fjármagni og eignum er skipt eftir t.d. kyni, uppruna og þjóðfélagsstöðu.

Menntun og jafnrétti

Efla þarf kynjafræðikennslu á Íslandi að mati fjölmargra þátttakenda á fundinum. Kynjafræðikennsla ætti að vera skyldufag í grunnskólum. Þá er vöntun á samræmdu námsefni í faginu.

Staða drengja í skólakerfinu var talsvert til umfjöllunar. Vinna þarf að því með markvissum hætti að bæta læsi þeirra og að þeir flosni ekki upp úr námi. Þá sé

mikilvægt fyrir drengi að fá karlkyns kennara í jafnréttisfræðslu, þeir vilji tala við karlmenn um jafnrétti.

Gera þyrfti rannsókn á menntabili karla og kvenna. Hvernig stendur á því og hvaða afleiðingar hefur það til langs tíma? Hvað þýðir þetta fyrir jafnrétti kynjanna og sjálfsmynd karla?

Jafnréttisfræðsla

Jafnréttisfræðsla var talin mikilvægasta verkefnið af mörgum svo koma megi jafnréttishugsun inn í menninguna. Slík fræðsla þarf að vera hönnuð af sérfræðingum svo hún skili tilætluðum árangri.

Jafnréttisfræðsla þarf að fara fram á öllum skólastigum en þarf líka að vera miðuð að foreldrum barna, því fyrirmyndir skipta miklu máli.

Huga þarf að leiðum til að fræða eldri hópa. Við þurfum að fræða fólk sem starfar t.d. í mennta- og heilbrigðiskerfinu.

Þörf er á jafnréttisfræðslu innan dómskerfisins. Ómeðvituð hlutdrægni er til staðar í öllum öngum samfélagsins en það er sérstaklega mikilvægt að fræða dómara hjá dómstólum um hana.

Fjölbreytileiki

Rætt var um stöðu fólks með hlutlausu kynskráningu. Leita þarf leiða til að bæta stöðu þess, en ýmislegt tekur ekki tillit til tilvistar þess hóps. Sem dæmi má nefna að við þurfum að hætta að gefa okkur að foreldrar séu kona/karl. Það þarf aukna fræðslu og vinna að því að auðvelda skráningu fólks af öðru kyni á síðum hins opinbera og hjá fyrirtækjum.

Rætt var um hvaða áhrif það hefði ef við hættum að tala um og nota orðið kyn. Yrði þá bakslag í baráttunni? Ættum við að vera með kynhlutlausu löggjöf? Mikilvægt að vinna málið í samráði við hagsmunasamtök.

Auka þarf upplýsingalæsi til að fólk geti metið hvað er rétt og hvað rangt á vefnum. Því er ábótavant í dag.

Rætt var um mikilvægi þess að fólk sé meðvitað um forréttindi sín. Um leið og við verðum meðvituð um þau áttum við okkur betur á stöðunni og fólk fer þá kannski síður í vörn ef það er flokkað í forréttindastöðu.

Erfitt er að eiga við ómeðvitaða hlutdrægni. Þeirri spurningu var kastað fram hvort það sé rasismi í kerfinu, t.d. í menntamálum, heilbrigðismálum, jafnréttismálum og dómskerfinu.

Uppgangur popúlískra þjóðernisflokka á Norðurlöndunum sem beita sér gjarnan gegn jafnrétti var ræddur. Hvað er hægt að gera til að sporna við slíkum uppgangi hérlendis?

Staðalímyndir kynjanna

Breyta þarf hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kynjanna. Það þarf ekki síður að vinna að þessu á meðal fullorðinna en barna. Þannig má ná árangri varðandi jafnari byrði á annarri og þriðju vaktinni.

Lengi vel var stefnan sú að fjölga konum í raungreinum og körlum í hefðbundnum kvennastörfum en í dag ætti að leggja áherslu á það síðarnefnda. Þau störf einkennast af umhyggju og nánd við einstaklinga sem eru ekki síður eiginleikar karla og fólks af öðrum kynjum. Það þarf því að kynna fyrir strákum hefðbundin kvennastörf með markvissum hætti. Ef ekki er unnið í þessu fer fólk á mis við störf sem henta því mögulega vel. Fyrirmyndir eru mikilvægar til að brjóta niður staðalímyndir en við sköpum þær með aðgerðum. Enn fremur er mikilvægt að þessir þættir verði metnir betur til launa og gert nægilega hátt undir höfði.

Karlar og jafnrétti

Finna þarf leiðir til að virkja karla í jafnréttisstarfi. Konur eru komnar eins langt og þær geta án þess að karlar taki þátt. Það þyrfti að fræða karla um ávinning þeirra og samfélagsins alls af kynjajafnrétti.

Karlar þurfa t.d. að taka jafnan þátt í annarri og þriðju vaktinni, en sú vinna fellur í mun meira mæli á konur. Sem dæmi má nefna að foreldraráð eru nánast eingöngu skipuð konum og konur sinna öldruðum og fötluðum fjölskyldumeðlimum í mun meira mæli en karlar þegar um gagnkynja sambönd er að ræða. Þá halda konur að miklu leyti uppi starfi í félagasamtökum á sviði mannréttinda. Til að vinda ofan af þessu ójafnrétti þarf að mæla þriðju vaktina. Huga þarf vandlega að því hvernig slík mæling er gerð þar sem konur vanmeta gjarnan tíma sinn á þriðju vaktinni á meðan karlar ofmeta hann.

Vinna þarf að betri menningu í tengslum við fæðingarorlof en mæður taka yfirleitt alla mánuðina sem foreldrar eiga saman. Þá þarf að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og dagvistunar því eins og staðan er núna kemur hún niður á konum. Jafnframt var rætt um lengingu fæðingarorlofsins í 18 mánuði og að þá þyrfti að skipta mánaðafjölda jafnt milli foreldra.

Konur af erlendum uppruna

Tækifæri fólks af erlendum uppruna til að sækja sér menntun þarf að bæta, bæði þeim og samfélaginu til góða. Stjórnvöld þurfa að styðja við fólk til að mennta sig, en sumar stofnanir hafa boðið ófaglærðu fólki að stunda nám á vinnutíma. Sem dæmi má nefna 15 frídaga á önn sem Landspítalinn veitir fólki í sjúkraliðanámi. Stjórnvöld þurfa að styðja við slík verkefni því eins og stendur er svona stuðningur ekki inni í fjárheimildum stofnana.

Íslenskukennsla kvenna af erlendum uppruna þarf að geta farið fram þar sem börn þeirra mega koma með. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þær komi einar eftir vinnu án barna.

Þriðja vaktin hjá konum af erlendum uppruna sem ekki tala íslensku er enn þyngri byrði en hjá þeim sem tala tungumálið. Með því að gera kerfið aðgengilegra og vinna að því að upplýsa fólk er hægt að vinda ofan af þessum mun.

Viðurkenning á menntun annars staðar frá yrði mikilvægt skref í jafnréttisátt. Það er missir fyrir okkar samfélag að fara á mis við að nýta þekkingu innflytjenda. Þörf er á skilvirkara og aðgengilegra ferli.

Leikskólamál

Skerðing á opnunartíma leikskóla kemur illa niður á konum, sérstaklega ef þær tilheyra jaðarsettum hópum, t.d. láglaunakonur eða konur af erlendum uppruna sem tala ekki íslensku. Fyrir slíka hópa er ekki endilega mikið í boði þegar kemur að vinnu á hefðbundnum skrifstofutíma. Þar að auki er öll skerðing á þjónustu líklegri til að lenda á herðum konu í gagnkynja samböndum. Frekar ætti að vinna að lengri opnunartíma með sveigjanleika í tímasetningu leikskóladvalar en hann er til staðar víða á Norðurlöndunum. Leikskóli er blanda af skólastarfi og tómstund.

Tölfræði

Talsvert var rætt um skort á kyngreindri tölfræði og mælingum sem hægt væri að greina eftir fleiri mismunarbreytum.

Þá var sérstaklega kallað eftir því að bæklingurinn *Konur og karlar á Íslandi* verði endurútgefinn. Þar hefur verið hægt að nálgast mikilvæga tölfræði.

Að lokum var nefnt að það skorti tölfræði um stjórnun fyrirtækja. Glerþakið þar er enn mjög þykkt en aukin menntun kvenna er ekki að skila sér í hærri launum og betri störfum.

3.2 Hvað þarf að gera til að koma þeim verkefnum í farveg? Hvað geta stjórnvöld gert?

Mest var rætt um aðgerðir á vinnumarkaði, fjármagn, fræðsluátök, samráð og úttektir þegar spurt var um aðkomu stjórnvalda að jafnréttismálum. Einnig bar á góma verkfæri, gögn, menntun og lagabreytingar.

Aðgerðir á vinnumarkaði

Mikið var rætt um að stjórnvöld þyrftu að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Ítrekað var komið inn á að vanmat á virði kvennastarfa væri verkefni sem þyrfti að ráðast í að leiðrétta. Kvennastéttir eru í flestum tilvikum opinber störf, svo ríkið getur ráðist í þessa aðgerð.

Samráð

Tryggja þarf vettvang til reglubundins samráðs, en það mætti gera í tengslum við fleiri málefni en jafnrétti. Þá mætti festa í sessi samráðsferli sem fæli í sér að viðeigandi félagasamtök væru kölluð til þegar ráðgjafar er þörf. Stjórnvöld verða að tryggja að það sé möguleiki fyrir öll að taka þátt í samráði, t.d. með því

að útvega túlkun eða notkun á einfölduðu máli þótt það kosti mögulega meira. Einnig þarf að skapa vettvang fyrir samráð við þau sem ekki tala íslensku, en innflytjendur telja tæplega 20% af fólkinu í landinu og það verður að tryggja að þau fái að taka þátt í samtali við stjórnvöld.

Verkfæri

Stjórnvöld geta útbúið verkfærakistur og verkferla til að tryggja betur framkvæmd laga og reglugerða, en of oft eru lög framsækin og góð en framkvæmd þeirra síðri. Jafnréttismatið sem er að finna hjá fjármálaráðuneytinu er dæmi um gott tæki sem virkar vel í samskiptum við ýmsa hópa. Til umræðu var þörf á verkfæri sem myndi vinna að jafnrétti að fyrirmynd grænna skrefa, svokölluð jafnréttisskref.

Söfnun og greining gagna

Söfnun og vinnsla tölfræðigagna er gríðarlega mikilvægt verkefni. Stjórnvöld verða að safna meiri og betri tölfræði og gera hana aðgengilega. Umræðan verður að byggja á staðreyndum og það er til bóta að geta sett fleiri mælanleg markmið. Þó þarf ríkið að gera sér grein fyrir takmörkum meðaltala þegar við erum að vinna með jafnréttismál. Sem dæmi, þá segja Velsældarvísarnir sem mæla hagsæld og lífsgæði á Íslandi okkur ekkert um velsæld jaðarsettra hópa. Við þurfum að skoða stöðu innan hópa, þ.e. hvar jaðarhópar eru í meðaltölunum. Stjórnvöld þurfa því að vinna að frekari söfnun upplýsinga um stöðu jaðarhópa til að varpa ljósi á stöðuna og á grundvelli þess getum við lagað það sem er að.

Rannsóknir og úttektir

Gera þarf ýmsar rannsóknir og úttektir svo hægt sé að vinna að betri lausnum. Greina þarf virði starfa, hjálplegt væri að fara í viðhorfsmælingar til að meta áhrif aðgerða í jafnréttis- og mannréttindamálum, taka þyrfti út stöðu kvenna í fangelsum á Íslandi og greina þyrfti stafrænan veruleika út frá jafnréttissjónarmiðum ásamt því að það þyrfti að rannsaka rót þess að hér eru vísbendingar um að rasismi og þjóðernishyggja séu að aukast.

Efnahagsleg réttindi

Vinna þarf að því að fólk geti lifað af laununum sínum og þurfi ekki að gera ráð fyrir innkomu frá öðrum aðila. Þá væri raunverulegt frelsi til staðar til að geta staðið upp og farið frá maka kjósi einstaklingur það.

Fjármagn

Ríkið getur gert félagasamtökum kleift að einblína í meira mæli á sín verkefni ef fjármagn er tryggt til lengri tíma. Það er betri nýting á þeirri sérfræðiþekkingu sem er til staðar í grasrótastarfi á Íslandi. Jafnframt þarf að vera hægt að sækja styrki í meira mæli til nýsköpunar í jafnréttismálum. Þá þarf að styrkja rannsóknir á jafnréttismálum á Íslandi, úrræði fyrir þolendur ofbeldis og íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna.

Menntun

Vinna þarf að því að meta menntun fólks af erlendum uppruna. Jafnframt geta stjórnvöld tryggt ívilnanir fyrir menntun í störf sem vantar starfsfólk í. Þar gætu skapast tækifæri til endurmenntunar fyrir ófaglært fólk af erlendum uppruna. Ísland er með lágt hlutfall af menntuðu fólki og þarna eru því tækifæri sem eru til góða fyrir Ísland og fólk af erlendum uppruna. Þá þarf að veita fólki sem flyst hingað íslenskukennslu í samvinnu við atvinnurekendur. Stjórnvöld þurfa þó að huga að því hvernig íslenska er kennd fólki sem flyst hingað erlendis frá með annað móturmál. Er krafa um lýtalausa íslensku? Er það hjálplegt?

Setja þarf kynjafræði betri skorður í íslensku skólakerfi. Þá getur ríkið sett fram ívilnanir til að fá karla til að mennta sig í því sem eru hefðbundin kvennastörf, t.d. hjúkrunarfræði eða leikskólakennarafræði.

Fræðsla

Stjórnvöld geta gert ýmislegt í fræðslumálum sem eykur jafnrétti í samfélaginu. Nokkur dæmi voru nefnd sérstaklega: Fræða þarf foreldra af erlendum uppruna, sérstaklega þau sem tala ekki íslensku, um frístundastyrki og mikilvægi þátttöku fyrir börn; vinna þarf gegn bakslagi sem hefur orðið í orðræðu gagnvart innflytjendum og hinsegin fólki með fræðsluáttaki; mikið verk þarf að vinna í ofbeldismálunum sem tengjast fjölþættri mismunun; það vantar fræðslu um ofbeldi og að tengja hana við kynfræðslu; virkja þyrfti 15 gr. í jafnréttislögum en hún snýr menntun og skólastarfi. Meðal annars er kveðið á um jafnréttis- og kynjafræðslu á öllum skólastigum; koma mætti á svokölluðum samfélagsskóla sem væri vettvangur með stuttum kynningum um alls konar sem tengist jafnréttis- og mannréttindamálum fyrir alla Íslendinga.

Lagasetning

Stjórnvöld geta sett lög til að vinna að jafnrétti og hefur ýmislegt náðst með þeirri leið, þótt alltaf megi gera betur. Meðal annars var nefnt að fullgilda þyrfti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, festa betur í sessi orlofsrétt feðra, gera úrbætur í réttarvörslukerfinu þegar kemur að ofbeldismálum og skoða möguleika á skattaafslætti til að koma til móts við fólk sem sinnir ólaunuðum störfum.

Stjórnvöld þurfa þó að tryggja að kerfin verði ekki of flókin. Þau eru það að sumu leyti og það þarf að vinna að því að gera þau notendavænni.

